

**Verð kr.: Hafðu samband fyrir besta verð**

Hreint út sagt frábær stjörnusjónauki fyrir byrjendur og lengra komna en sér í lagi unga stjörnuáhugamenn. Sjónaukinn er sáraeinfaldur í notkun og ótrúlega meðfærilegur þrátt fyrir að hafa 8 tommu ljósop. Þetta er einfaldlega einn allra besti byrjandasjónaukinn sem völ er á, sérstaklega þegar mið er tekið af verðinu.

Með sjónaukanum fylgir **IntelliScope tölvustýring** sem hjálpar þér við að staðsetja þúsundir fyrirbæra á himninum handvirkt. IntelliScope er sáraeinfalt í notkun en leiðbeiningar um notkun þess er að finna hér.

Með þessum frábæra byrjandasjónauka sérðu bjartar og skarpar myndir af tunglinu og reikistjörnunum. Auðvelt er að sjá tungl og skýjabelti Júpíters og stórbrotið hringakerfi Satúrnusar og fín smáatriði á Mars á borð við pólhettur, ský og dökk- og ljósleit svæði og jafnvel sjálft Ólympusfjall!

Djúpfyrirbæri eins og stjörnuþokur, stjörnuþyrpingar og vetrarbrautir sjást sérstaklega vel með þessum sjónauka þar sem hann hefur nokkuð stórt ljósop. **Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn mæla sérstaklega með þessum frábæra byrjandasjónauka.**

- Tegund: Dobson spegilsjónauki
- Ljósop: 8 tommur (203mm)
- Brennivídd: 1200mm
- Brennihlutfall: f/5,9
- Birtumörk: +14,2
- Mesta gagnlega stækkun: 350x
- Stjörnuljósmyndun: Nei, nema aðeins einföld tunglmyndataka

## Hvað fylgir með?

- Allt sem sést á myndinni
- 25mm Sirius Plössl augngler (48x stækkun)
- 10mm Sirius Plössl augngler (120x stækkun)
- 9x50 leitarsjónauki
- Tveggja ára ábyrgð

## Þarf ég eitthvað fleira?

Gagnlegir fylgihlutir fyrir SkyQuest XT8. Hafðu samband ef þú vilt fá hjálp við valið.



**Augngler**

Augngler eru langmikilvægustu fylgihlutir stjörnusjónauka. Þau ráða bæði stækkun og sjónsviði hans og

Sjá nánar.



**Tungl- og sólarsía**

Síur geta reynst mjög gagnlegar í stjörnuskoðun. Tunglsía er mjög gagnleg til að skoða tunglið þar sem

Sjá nánar.




**Starry Night Enthusiast hugbúnaðurinn**

Starry Night hugbúnaðurinn er einn allra besti stjörnufræðihugbúnaður sem völ er á. Með honum er hæg

Sjá nánar .



**Burðartaska**

Hægt er að mjúka en mjög sterka og góða burðartösku fyrir alla SkyQuest Dobsonsjónaukana frá Orion.